
Holtavörðuheiðarlína 3

Álit um matsáætlun

1 Inngangur

Þann 2. maí 2023 barst Skipulagsstofnun matsáætlun Landsnets vegna lagningar Holtavörðuheiðarlínu 3 samkvæmt 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. lið 10.15 og 2.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Húnaþings vestra, Húnabyggðar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Landgræðslunnar, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar um matsáætlun framkvæmdaraðila.

Matsáætlun var kynnt með auglýsingu í Morgunblaðinu 9. júní 2023 og á fréttavef Húnvetninga, Húnahorninu, frá 9.-16. júní 2023. Hún lá frammi til kynningar í skrifstofum Húnabyggðar og Húnaþings vestra og var einnig aðgengileg á heimasíðu Skipulagsstofnunar, www.skipulag.is. Kynningartími matsáætlunar var frá 9. júní til 14. júlí 2023.

2 Gögn lögð fram

Matsáætlun framkvæmdaraðila: Holtavörðuheiðarlína 3. Matsáætlun. Landsnet, júní 2023.

Umsagnir um matsáætlun bárust frá:

- Húnaþingi vestra þann 11. júlí 2023.
- Húnabyggð þann 14. júlí 2023.
- Fiskistofu þann 13. júlí 2023.
- Hafrannsóknastofnun þann 25. ágúst 2023
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra þann 28. júní 2023.
- Minjastofnun Íslands þann 23 ágúst. 2023.
- Náttúrufræðistofnun Íslands þann 14. júlí 2023.
- Landgræðslunni þann 21. júní 2023
- Umhverfisstofnun þann 11. júlí 2023.
- Vegagerðinni þann 28. júní 2023.

Einnig bárust umsagnir frá eftirfarandi aðilum: Bjarka Kristjánssyni þann 13. júlí 2023, Páli Jónssyni f.h Veiðifélags Laxár í Ásum þann 14. júlí 2023, Mævu Urbschat þann 14. júlí 2023, Júlíusi Antonssyni þann 14. júlí 2023, Helga Sigurbjartssyni þann 14. júlí 2023, Gísla Magnússyni þann 14. júlí 2023, Yngva Óttarrssyni þann 14. júlí 2023, Páli Sigurðssyni þann 14. júlí 2023, Guðrúnu Guðmundsdóttur o. fl. þann 14. júlí 2023 og Jóni Kristjánssyni þann 14. júlí 2023.

Umsögn barst ekki frá Orkustofnun. Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila þann 11. ágúst og 22. september 2023.



3 Framkvæmd

Í matsáætlun framkvæmdaraðila eru kynnt áform Landsnets um lagningu Holtavörðuheidiarlínu 3 og gerð grein fyrir hvernig fyrirtækið hyggst standa að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Áform Landsnets felast í lagningu nýrrar, 220 kV raflínu um 90 -120 km leið frá nýju tengivirki á Holtavörðuheidi að Blöndustöð. Gert er ráð fyrir að línan verði loflína og að hæð mastra verði á bilinu 18-30 m eftir aðstæðum og bil á milli mastranna að meðaltali rúmir 360 m. Útbúa þarf um 4,5 breiðar vegslóðir meðfram fyrirhugaðri háspennulínu og leggja afleggjara að möstrum línunnar. Jafnframt þarf að gera plan við flest möstur. Núverandi vegslóðir verða nýttar sem og vegir eftir því sem kostur er. Efnisþörf fer eftir því hvaða línuleið verður valin en hún er áætluð á þessu stigi á bilinu 450.000-650.000 m³.

Um framkvæmdalýsingu vísast að öðru leyti til matsáætlunar framkvæmdaraðila.

4 Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlagða matsáætlun framkvæmdaraðila ásamt umsögnum og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim í samræmi við 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Samkvæmt 3. mgr. 21. gr. laga nr. 111/2021 skal álit Skipulagsstofnunar fela í sér leiðbeiningar til framkvæmdaraðila um vinnslu, efni og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Álit Skipulagsstofnunar er bindandi fyrir framkvæmdaraðila og skal hann leggja það til grundvallar umhverfismatsskýrslu ásamt matsáætlun. Að öðru leyti er kveðið á um kröfur til umhverfismatsskýrslna í 22. gr. laga nr. 111/2021 og 15. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 1381/2021.

Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í umhverfismatsskýrslu umfram það sem tilgreint er í matsáætlun framkvæmdaraðila eða leiðir beint af kröfum í 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og reglugerðar á grundvelli þeirra.

Forsendur

Í matsáætlun kemur fram að lagning Holtavörðuheidiarlínu 3 sé mikilvægur hlekkur í uppbyggingu byggðalínu og verði línan hluti af nýrri kynslóð byggðalínu til að tryggja örugga orkuafhendingu í landinu og samtengingu milli landshluta. Í nokkrum umsögnum hefur verið bent á að með lagningu nýrrar línu sé ekki um endurnýjun að ræða heldur viðbót þar sem ekki eigi að fjarlægja núverandi línu. Ljóst er að þrátt fyrir lagningu nýrrar raflínu með allt að 700 MVA flutningsgetu er gert ráð fyrir að núverandi 132 kV lína verði áfram í notkun.

Í umhverfismatsskýrslu þarf að fjalla ítarlega um þörf á því að núverandi lína verði áfram í notkun og hvaða tilgangi hún komi til með að þjóna í tengingu svæðisbundinna flutningskerfa við meginflutningskerfið og til hve langs tíma, m.a. í ljósi þess að núverandi byggðalína var tekin í notkun á árunum 1974-1984 og er því komin til ára sinna. Gera þarf einnig grein fyrir hvort að sú staðreynd kalli á endurbætur á núverandi línu.

Jarðstrengir

Í matsáætlun Landsnets kemur fram að búið sé að styrkja meginflutningskerfið á Norður- og Norðausturlandi með nýjum línun milli Fljótsdals og Akureyrar (Kröflulína 3 og Hólasandslína 3), og í undirbúningi sé sambærileg styrking á milli Akureyrar og Blöndustöðvar (Blöndulína 3), og frá Holtavörðuheidi að Hvalfirði (Holtavörðuheidiarlína 1). Í framhaldinu er þörf á að styrkja tengingu þessara lína við meginflutningskerfið á Suður- og Suðvesturlandi.

Skipulagsstofnun telur að í umhverfismatsskýrslu þurfi að skýra nánar hvað átt er við með síðustu staðhæfingunni þar sem stofnunin hefði haldið að með fyrrnefndum línun auk



Holtavörðuheildarlínu 3 væri komin sterk tenging við kerfið á Suðvesturlandi. Í kerfisáætlunum Landsnets sem og í umhverfimatni meginflutningskerfis á Norður- og Austurlandi (Kröflulína 3, Hólasandslína 3 og Blöndulína 3) hafa komið fram þau rök fyrir mjög takmörkuðu svigrúmi til jarðstrengslagna á þessum línuleiðum að flutningskerfið Norðanlands sé ekki sterkt andstætt því sem er á Suðvesturlandi og að með tengingu við kerfið á Suðvesturlandi kynni þetta svigrúm að aukast. Í matsáætlun Holtavörðuheildarlínu 3 kemur fram að fyrir liggi niðurstöður greininga sem sýni fram á að möguleikar eru takmarkaðir á lagningu jarðstrengja á línuleiðinni eða um 3-4 km, miðað við ástand kerfisins 2022. Í umhverfismatsskýrslu þarf að skýra við hvaða aðstæður væri möguleiki fyrir hendi að leggja jarðstreng lengri vegalengdir, þ.e. hvort að slíkar aðstæður væru fyrir hendi ef búið væri að reisa nýjar línur frá Brennimel að Blöndustöð (Holtavörðuheildarlínur 1 og 3) og þaðan til Akureyrar (Blöndulína 3).

Í matsáætlun kemur fram að skoðað hafi verið svigrúm til jarðstrengslagna í núverandi 132 kV kerfi milli Brennimels og Blöndu og niðurstöður sýna að hluti þeirra lína geta farið í jörð. Möguleikar til jarðstrengslagna í 132 kV kerfinu eru mestir ef nýja 220 kV kerfið er allt byggt sem loftlínakerfi. Sams konar yfirlýsing kom fram í matsáætlun Landsnets um Holtavörðuheildarlínu 1 og bendir Skipulagsstofnun á að í umhverfismatsskýrslu þarf að gera grein fyrir um hvaða kafla verði að ræða frá tengivirki á Holtavörðuheidi að Blöndustöð sem fyrirhugað væri að leggja núverandi línu í jörðu og rökstyðja ítarlega ástæður fyrir vali þessara kafla; m.a. hvaða umhverfislegi ávinningur og þá einkum m.t.t. ásýndaráhrifa, væri af því. Þá þarf að koma fram lengd viðkomandi kafla og skýra hvað takmarki lengdina.

Valkostir

Í matsáætlun og í viðauka 1 með áætluninni er fjallað um valkosti og gerð grein fyrir valkostagreiningu og viðmiðum sem lögð voru til grundvallar greiningunni og sem tengjast þáttunum umhverfi, öryggi og hagkvæmni, og verðmæti og samfélag. Niðurstaða greiningarinnar er að lagðir eru fram 3 meginvalkostir ásamt staðbundnum útfærslum á línuleiðunum til mats á umhverfisáhrifum. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er bent á að valkostir A og B liggi að stórum hluta um óbyggð víðerni á hálendi þar sem eru stór samfelld votlendissvæði og mikilvæg búsvæði vatna- og mófugla. Varðandi viðmið telur Skipulagsstofnun að við mat á áhrifum valkostanna þurfi að horfa til ofangreindrar staðreyndar þ.e. að línuleiðir A og B munu fara um óbyggð víðerni eins og þau eru skilgreind í lögum um náttúruvernd og sem eru innan marka miðhálandisins en eitt af verndarmarkmiðum laganna er að að standa vörð um óbyggð víðerni landsins. Því þarf að hafa það sem viðmið hvort að valkostur fari um og skerði óbyggð víðerni.

Húnabyggð bendir á í umsögn sinni að hálendisleiðirnar (B1, B2 og C) fari yfir ósnert svæði sem muni valda deilum við þá hagsmunaaðila sem verja náttúruna. Hugmyndir hafa verið uppi um að svæðið sem um ræðir verði gert að þjóðgarði og alveg eins líklegt ef þessi framkvæmd dregst á langinn að þær hugmyndir verði orðnar að veruleika þegar þar að kemur. Við gerð umhverfismats þarf að taka tillit til þessara hugmynda. Þá kemur fram í umsögninni að Húnabyggð telji einsýnt að Landsnet hafi þegar ákveðið að fara með Holtavörðuheildarlínu 3 yfir hálendið og að fyrirtækið telji það lang hagkvæmstu leiðina (valkostir B1, B2 eða C). Húnabyggð óskar eindregið eftir því að leið D verði skoðuð af alvöru og að kostir og gallar þessara tveggja grunnhugmynda (meðfram byggðarlínu og á hálendi) verði greindir ítarlega og á hlutlausan hátt.

Í svörum Landsnets kemur fram að fyrirtækið hafi á engan hátt tekið endanlega afstöðu til valkostanna, enda á eftir að meta umhverfisáhrif þeirra, kostnaðarmeta þá, greina samræmi þeirra við markmið framkvæmda og samræmi við aðrar áætlanir og öryggi. Landsnet telur miður ef að sveitarfélagið hefur dregið þá ályktun af samskiptum við fulltrúa Landsnets að leið D komi ekki til greina.

Í matsáætlun og viðauka um valkostagreiningu kemur fram að á fyrstu stigum verkefnisins hafi Landsnet lagt fram fjórar hugmyndir að valkostum. Um er að ræða niðurstöður frumskoðunar sem



unnin var í samráði við þáverandi sveitastjórnir og tengda aðila. Fyrir liggur að um er að ræða að mestu þá línuvalkosti sem leggja á mat á og birta niðurstöður um í umhverfismatsskýrslu. Skipulagsstofnun telur að í umhverfismatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir hvaða rök lágu að baki þessum hugmyndum um valkosti og þá einkum lagningu nýrrar línu yfir víðáttumiklar heiðar innan marka miðhálandisins. Í því sambandi minnir stofnunin á að skv. þingsályktun 26/148 um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku kemur m.a. fram að ekki verði ráðist í línulagnir yfir hálandið. Í þingsályktun nr. 11/144 um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína kemur jafnframt fram að leitast skuli við að halda línugötum í lágmarki og raska ekki ósnortnu svæði ef aðrar lausnir koma til greina, m.a. með tilliti til kostnaðar og umhverfisáhrifa. Skipulagsstofnun bendir á að í viðauka um valkostagreiningu virðist ekki hafa verið tekið tillit til stefnu stjórnvalda, sbr. tafla á bls. 7 í viðaukanum. Þar er ekki að finna ósnortin svæði eða óbyggð víðerni sem viðmið. Stofnunin setur einnig spurningamerki við niðurstöðu í töflunni hvað varðar viðmiðið aðalskipulag sveitarfélaga að valkostahugmyndir, falli nokkuð vel að viðmiðinu þar sem engin stefna er mörkuð í aðalskipulagi sveitarfélaganna um Holtavörðuheiðarlínu 3.

Skipulagsstofnun leggur áherslu á að í umhverfismatsskýrslu verði við val á aðalvalkosti rökstutt ítarlega hvaða umhverfis- rekstrar- og samfélagslegu þættir vógu þyngst við þá ákvörðun og hvaða mótvægisáðgerðir, ef einhverjar, koma til greina til að draga úr neikvæðum áhrifum.

- Varðandi viðmið telur Skipulagsstofnun að við mat á áhrifum valkostanna þurfi að horfa til þeirrar staðreyndar að línuleiðir A og B munu fara um óbyggð víðerni eins og þau eru skilgreind í lögum um náttúruvernd og sem eru innan marka miðhálandisins en eitt af verndarmarkmiðum laganna er að standa vörð um óbyggð víðerni landsins. Því þarf að hafa það sem viðmið hvort að valkostur fari um og skerði óbyggð víðerni.
- Í umhverfismatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvaða rök lágu að baki hugmyndum um framsetningu valkosta A og B þar sem um er að ræða lagningu nýrrar línu yfir víðáttumiklar heiðar innan marka miðhálandisins, m.a. í ljósi ofangreindra ákvæða í þingsályktunum stjórnvalda.

Samráð

Í matsáætlun er fjallað um samráð sem haft hafi verið í undirbúningsferli Holtavörðuheiðarlínu 3. Í umsögn Húnabyggðar eru gerðar athugasemdir við það samráð sem haft hefur verið við sveitarfélagið á undirbúningsstiginu. Meðal annars er bent á að það sé ekki skilvirkt að landeigendur komi fyrir inn í ferlið en sveitarfélagið. Samskipti ættu að vera mun nánari við sveitarfélagið sem ber ábyrgð á því að verja hagsmuni allra íbúa (líka landeigenda), fer með skipulagsvaldið og veitir framkvæmdaleyfi.

Í svörum Landsnets kemur fram að í kjölfar ábendinga Húnabyggðar mun Landsnet eiga enn frekara samráð og samtal við sveitarfélögin tvö, enda gegna þau mikilvægu hlutverki í undirbúningi flutningskerfis raforku.

Í 15. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana kemur fram að í umhverfismatsskýrslu þurfi að koma fram upplýsingar um kynningu og samráð sem staðið hefur verið að við mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun bendir á mikilvægi þess að ítarlega sé greint frá því samráði sem fram hafi farið við gerð umhverfismatsskýrslu.

Landslag og ásýnd

Í köflum um ásýnd og landslag í matsáætlun kemur fram að vegna umhverfismats framkvæmdarinnar verða skilgreindar landslagsheildir innan skilgreindra landslagsgerða er varða Holtavörðuheiðarlínu 3 og mikilvægi þeirra og viðkvæmni skilgreind með hliðsjón af breskum leiðbeiningum. Þar er jafnframt fjallað um mælikvarða sem horft verður til við mat á mikilvægi landslagsheilda.



Við mat á mikilvægi landslagsheilda þarf í umhverfismatsskýrslu að taka mið af því gildi sem ósnortin eða lítt röskuð svæði hafa þó að þau njóti ekki formlegrar verndar. Í köflunum kemur fram að unnar verði líkanmyndir með því að setja línumannvirki inn á ljósmyndir frá völdum sjónarhornum þar sem horft er í átt að háspennulínunni. Skipulagsstofnun bendir á mikilvægi þess að færð séu rök fyrir vali sjónarhornanna. Ekki kemur fram hvaða aðilar munu hafa umsjón með greiningum og mati á áhrifum Holtavörðuheidiarlínu 3 á ásýnd og meta sjónræn áhrif framkvæmdarinnar. Skipulagsstofnun bendir á að sú myndvinnsla og framsetning fyrir- og eftirmynda í umhverfismati Blöndulínu 3 er að mati stofnunarinnar mjög góð og gera verður ráð fyrir að myndvinnsla og framsetning í umhverfismatsskýrslu Holtavörðuheidiarlínu 3 verði sambærileg, m.a. þarf að birta ásýndarmyndir fyrir og eftir framkvæmdir sem sýna fyrirhugaðar raflínur einnig að vetri til þegar snjór er yfir svæðunum.

Óbyggð víðerni

Í matsáætlun kemur fram að í umhverfismati framkvæmdar eru til skoðunar valkostir sem fari inn fyrir miðhálandismörk og verði því lagt mat á áhrif valkosta á víðerni. Gerð er grein fyrir gögnum sem framkvæmdaraðili hyggst styðjast við við mat á áhrifum á óbyggð víðerni og gerir Skipulagsstofnun ekki athugasemdir við þau gögn.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að ekki séu gerðar athugasemdir við áformað mat á áhrifum á landslag og óbyggð víðerni en hvoru tveggja eru afar mikilvægir umhverfisþættir sérstaklega varðandi valkosti A og B sem liggja á stórum hluta um víðerni sem eru að töluverðu leyti óbyggð. Áhugavert verði að skoða hversu mikil skerðing víðerna valkostirnir fela í sér en að öllum líkindum verður hún veruleg.

Í tilfelli valkosta A og B er farið um víðáttumikil heiðasvæði, sem falla undir skilgreiningu á óbyggðum víðernum innan miðhálandisins og þar sem sjónlengdir eru miklar. Áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda m.t.t. sýnileika er því mjög umfangsmikið. Ljóst er að víðernissvæði eru fágæt í Evrópu og alþjóðleg ábyrgð Íslands um að vernda þessi svæði er mikil. Af þessum sökum telur Skipulagsstofnun sérstaklega mikilvægt að vandað sé til verka við mat á áhrifum framkvæmdarinnar á óbyggð víðerni og niðurstöður settar fram með skýrum hætti. Skipulagsstofnun bendir á að útreikningar á skerðingu óbyggðra víðerna er eingöngu einn þáttur í mati á áhrifum á víðerni. Ekki síður er mikilvægt að leggja mat á áhrif framkvæmda á víðernaupplifun, sbr. skilgreiningu á óbyggðum víðernum í 5. gr. laga um náttúruvernd, að greina einkenni og gæði víðerna á áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda og meta áhrif framkvæmda á þá þætti.

Fuglar

Í matsáætlun kemur fram að áhrifasvæði allra valkosta liggja að einhverju leyti á svæðum sem hafa verið skilgreind sem mikilvæg fuglasvæði, mismikið þó eftir valkostum. Á áhrifasvæði valkosta er Arnarvatnsheiði og Tvídægri sem liggur milli Borgarfjarðar og Húnavatnssýslu. Svæðið er um 165.200 ha og er það alþjóðlega mikilvægt varpsvæði himbrima og álfar. Meðal annarra tegunda sem verpa í talsverðum mæli á svæðinu eru lómur, duggönd og hávella. Svæðið er að meginhluta á náttúruminjasrá. Valkostir A og B liggja um svæðið.

Ljóst er að einkum valkostir A og B kunna að hafa neikvæð áhrif á fugla m.a. vegna áflugshættu og er ein af þeim spurningum sem settar eru fram í matsáætlun hver sé hætta á áflugi á línurnar. Ekki er ljóst hvernig fyrirhugað er að svara þessari spurningu en Skipulagsstofnun bendir á ýmsar athuganir sem Landsnet hefur staðið fyrir um áflug og áflugshættu í tengslum við línuframkvæmdir á vegum fyrirtækisins og þarf í umhverfismatsskýrslu að gera grein fyrir hverjar niðurstöður þessara rannsókna hafa verið og að hvaða leyti hægt væri að nýta þær í þessu mati. Skipulagsstofnun bendir jafnframt á fjölda rannsókna erlendis um áflugshættu og bendir á mikilvægi þess að athuganir þurfi



að vera markvissar og mat á áflugshættu gegnsætt. Auk þess þarf að fjalla um leiðir til þess að draga úr áflugshættu, m.a. með merkingum leiðara eða með öðrum þekktum aðferðum.

Gróður - Votlendi

Í matsáætlun segir að allir valkostir fari að einhverju leyti um votlendi sem kann að ná yfir 20.000 m² og nýtur þannig sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd og einnig um svæði þar sem vistgerðir geta haft hátt eða mjög hátt verndargildi samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnun Íslands. Fram kemur að Landsnet hafi velt upp hugmyndum um breytta nálgun rannsókna á gróðurfari og er sú nálgun kynnt í matsáætlun.

Í umsögn Landgræðslunnar kemur fram að með hliðsjón af jarðvegs- og gróðurverndarsjónarmiðum og lögum um landgræðslu einkum sem lúta að því að vernda þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar séu í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands, er valkostur D heppilegastur. Ljóst er að aðrir kostir fela í sér óafturkræft risk á óspilltum vistkerfum, ekki síst votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd.

Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) bendir á að eins og fram komi í umfjöllun um væntanlegar athuganir á áhrifum framkvæmdarinnar á gróðurfari í matsáætlun hafi samráð verið haft við Náttúrufræðistofnun varðandi þá aðferðafræði sem stefnt sé að því að Náttúrustofa Austurlands beiti þegar kemur að úttekt á gróðurfari svæðisins og mati á áhrifum framkvæmdarinnar. Ekki er því gerð athugasemd við þá nálgun sem fjallað er um í matsáætluninni.

Í ljósi umsagnar NÍ gerir Skipulagsstofnun ekki athugasemdir við fyrirhugaða aðferðafræði sem nota á við athugun og mat á áhrifum á gróðurfari. Ljóst er að línuleiðir skv. valkostum A og B munu fara um víðáttumikil óröskuð votlendissvæði á mun lengri köflum en valkostur D, eins og Landgræðslan bendir á, og mikilvægt er að horfa til þessarar staðreyndar meðal annars, við val á valkosti.

Vatnshlot - Vatnalíf - Efnistaka

Í matsáætlun kemur fram að lagning Holtavörðuheildarlínu 3 geti haft í för með sér risk í nágrenni við ár og vötn og þannig haft áhrif á vatnalíf. Margar ár liggja um athugunarsvæðið auk þess sem töluvert af vötnum og tjörnum eru upp á heiðunum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar segir að gera þurfi gera grein fyrir vatnaáætlun og áhrifum framkvæmdarinnar á þá stefnumörkun sem sé sett þar fram sem og í og lögum um stjórn vatnamála. Mjög mikill fjöldi vatnshlota er á framkvæmdasvæðinu og gera þarf m.a. grein fyrir því hvort hætta sé á því að ástandi þessara vatnshlota muni á einhvern hátt hnigna og hvort þau munu standast þau umhverfismarkmið sem hafa verið sett fyrir þau samkvæmt vatnaáætlun en í matsáætlun er er hvergi fjallað um ástand vatnshlotanna á svæðinu eða umhverfismarkmið. Samkvæmt því sem stendur í matsáætluninni má gera ráð fyrir því að ástand vatnshlota muni hnigna hvort heldur varanlega og/eða tímabundið vegna framkvæmdarinnar. Það samræmist ekki stefnumörkun vatnaáætlunar og er ekki samræmi við lög um stjórn vatnamála. Umhverfisstofnun bendir á að til þess að hægt sé að meta áhrif framkvæmdarinnar á þau fjölmörgu vatnshlot sem eru á framkvæmdarsvæðinu þarf að staðfesta ástand vatnshlotanna, meta hættuna á því að ástand þeirra hnigni og gera áætlun um mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir hnignun.

Í svörum Landsnets kemur fram að í kjölfar umsagnar Umhverfisstofnunar um matsáætlun Holtavörðuheildarlínu 3 hafi Landsnet óskað eftir fundi með stofnuninni til að ræða þau atriði sem koma fram í umsögn hennar og um áherslur í umhverfismati er varðar samræmi við Vatnaáætlun 2022-2027. Í framhaldi af þeim fundi hefur verið ákveðið að skerpa á umfjöllun um vatnshlot í umhverfismatskýrslu. Svæðið sem er til skoðunar í umhverfismati er umfangsmikið og verður áhersla lögð á að skoða vatnshlot við hvern valkost fyrir sig, þá einkum með tilliti til fjölda vatnshlota sem valkostir fara um og hvort líkur séu á að vatnshlot séu undir álagi miðað við grunnástand.



Fjallað verður um vistfræðilegt ástand vatnshlota á svæðinu og líkur á hnignun þeirra og gert ráð fyrir umfjöllun um mögulega mengun vegna fyrirhugaðra framkvæmda sem og umfjöllun um efnafræðilegt ástand yfirborðsvatnshlota og grunnvatnshlota. Á bak við Vatnaáætlun liggja fyrir töluverðar upplýsingar og mælingar sem Landsnet mun leggja til grundvallar mati, ásamt öðrum fyrirbyggjandi gögnum. Landsnet mun leggja áherslu á að útfæra Holtavörðuheildarlína 3 á þann hátt að ekki verði hnignun á vatnshlotum og að umhverfismarkmið vatnshlotanna náist. Þegar verkhönnun framkvæmdar hefst að loknu umhverfismati verður skoðað, í samstarfi við Umhverfisstofnun, hvort þörf sé á ítarlegri mælingum á ákveðnum svæðum til að móta mótvægis- og vöktunaráætlun.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að að gefnu tilefni megi benda á að í fyrri áföngum byggðalínu m.a. vegna Blöndulínu sem og annarra háspennulína hafi efnistaka í mörgum tilfellum verið ráðgerð í og eða innan við 100 m frá vatnsföllum en efnistaka geti haft áhrif á lífríki í vatni sem og veiðinýtingu eða önnur hlunnindi. Við lagningu línuvega eru þveraðar ár og lækir með ræsum og er mikilvægt að slíkar framkvæmdir rjúfi ekki samfellu í farvegum ef þar eru gönguleiðir fiska en dæmi eru um slíkt úr fyrri framkvæmdum. Mismunandi er eftir leiðum hver hugsanleg áhrif geta verið t.d. getur verið megin munur hvort staðsetning er efst á vatnasviði eða neðst. Fjalla þarf um þessa þætti í matsskýrslu og meta áhrif á ferskvatn og ferskvatnslífríki, ekki síst á heiðum sem eru lítt þekkar.

Í svörum Landsnets segir að miðað sé að því að efnistaka fari ekki fram í ám/vötnum. Landsnet tekur undir með mikilvægi þess að framkvæmdir rjúfi ekki samfellu í farvegum. Gert er ráð fyrir því að meta áhrif valkosta á vatnalíf og verða lagðar fram mótvægisáðgerðir þar sem það á við.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að heppilegra hefði verið að mati Náttúrufræðistofnunar að skoða lífríki þeirra stöðuvatna sem eru næst svæðum þar sem rask verður mest ef slíkar upplýsingar eru ekki fyrir hendi.

Í svörum Landsnets kemur fram að fyrirtækið hafi leitað til Umhverfisstofnunar um hvernig skuli nálgast umfjöllun um Vatnaáætlun Íslands 2022-2027 í umhverfismatsskýrslu Holtavörðuheildarlínu 3, sjá svar hér að framan. Umhverfisstofnun hefur lesið yfir ofangreind viðbrögð Landsnets hvað það varðar og gerði stofnunin ekki athugasemdir. Eins og kom fram í þeim viðbrögðum er gert ráð fyrir að mat á vatnafari og vatnalífi byggji á fyrirbyggjandi gögnum. Í umhverfismatinu verður lagt mat á það hvort valkostir séu líklegir til breyta ástandi vatnshlota, hvort sem það er framkvæmdin ein og sér eða vegna samlegðaráhrifum með öðrum álagspáttum. Dregin verða fram þau svæði þar sem búast má við auknu álagi og sem kann að kalla á tiltekna mótvægisáðgerðir og/eða vöktun.

Fyrir liggur að Holtavörðuheildarlína 3 getur haft í för með sér rask í nágrenni við ár og vötn og þannig haft áhrif á vatnalíf. Jafnframt getur framkvæmdin falið í sér truflun og/eða gruggmyndun auk mögulegrar olíu- eða efnamengunar á framkvæmdatíma. Ljóst er að Umhverfisstofnun telur áætlanir um mat á áhrifum á vatnshlot og þ.m.t. vatnalíf fullnægjandi og gerir Skipulagsstofnun ekki athugasemdir við að við matið verði stuðst við fyrirbyggjandi gögn en leggur áherslu á vönduð vinnubrögð og skýra framsetningu í umhverfismatsskýrslu, m.a. hvernig tryggja eigi að ekki verði hnignun á vatnshlotum og að umhverfismarkmið vatnshlotanna náist. Stofnunin bendir á að stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að flatarmáli eða stærri njóta jafnframt sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd sem forðst ber að raska nema brýnir almannahagsmunir séu í húfi.

Ferðapjónusta og útivist

Í matsáætlun kemur fram að Rannsóknamiðstöð ferðamála muni vinna rannsókn á ferðapjónustu og útivist á áhrifasvæði Holtavörðuheildarlínu 3, m.a. með spurningakönnunum og viðtölum við fólk á svæðinu til að greina upplifun þeirra sem stunda ferðamennsku, útivist og ferðapjónustu á áhrifasvæði línunnar. Fram kemur að í mati á ofangreinda umhverfisþætti verði litið til þess hvert sé mikilvægi svæðisins fyrir útivist og ferðapjónustu og þeir mælikvarðar sem horft verði til verði friðlýsingarákvæði laga um náttúruvernd og/eða sérlaga, vefsja Ferðamálastofu, stefnumótun t.d.



sveitarfélaga er varðar útivistarsvæði, niðurstöður úr ferðakönnunum og/eða öðrum gögnum umhverfismats, m.a. niðurstöður um grunnástand landslags.

Eins og kemur fram í kafla hér að framan um óbyggð víðerni þá er í tilfalli valkosta A og B farið um víðáttumikil heiðasvæði sem falla undir skilgreiningu á óbyggðum víðernum innan miðhálandisins og þar sem sjónlengdir eru miklar og er áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda m.t.t. sýnileika því mjög umfangsmikið. Slík óbyggð víðerni eru verðmæt og mikilvægt er að leggja mat á þau áhrif sem ofangreindir valkostir A og B kunna að hafa á víðernisupplifun útivistarfólks og ferðamanna. Skipulagsstofnun leggur því áherslu á að leitað verði eftir viðhorfum þessara aðila til breytinga sem kunna að verða á upplifun af þessum óröskuðu, óbyggðu svæðum með tilkomu loftlína og vega.

Reykjavík, 5. október 2023

Jakob Gunnarsson

Egill Þórarinnsson



